

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

FJÁRFESTINGASTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA FYRIR ÁRIÐ 2011

| | | |
|----|---|---|
| 1. | Grundvöllur fjárfestingastefnu sameignardeildar | 1 |
| 2. | Deildaskipting | 2 |
| 3. | Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu..... | 3 |
| a) | Núverandi eignasamsetning og áhrif hennar á fjárfestingastefnuna..... | 3 |
| b) | Hlutfall helstu eignaflokka | 3 |
| c) | Viðmið um eignaskiptingu | 4 |
| d) | Aðrar helstu viðmiðanir við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu..... | 5 |

1. Grundvöllur fjárfestingastefnu sameignardeildar


Fjárfestingastefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) er grundvölluð á VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, samþykktum sjóðsins og á samningi VR og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál.

LV er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna og skal það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins.

Fjármagn sjóðsins skal ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins.

Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum, hefur farið hækkandi frá árinu 2000 er hún var 27,5%, samanborið við 42,0% á fyrstu níu mánuði ársins 2010. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga er 36 ár. Iðgjöld til sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2010 skiptast þannig að 18% iðgjalda eru vegna sjóðfélaga yngri en 30 ára, 47% eru vegna sjóðfélaga yngri en 40 ára og 73% iðgjalda eru vegna sjóðfélaga yngri en 50 ára.

Spá um þróun lífeyrisbyrði á næstu árum bendir til þess að hún vaxi hægfara og verði 48% til 52% árið 2015. Þessi fyrirsjáanlega þróun með tilliti til réttindaávinnslu hjá lífeyrissjóðnum mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga muni nema liðlega þriðjungum af ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga á árinu 2015. Þrátt fyrir ofangreinda þróun lífeyrisbyrðarinnar og greiðsluflæðis lífeyris er sjóðnum kleift að beita langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins.



Lífeyrissjóður verzlunarmanna

2. Deildaskipting

LV skiptist í tvær deildir:

- **A-deild**, sem er sameignardeild. Í A-deild greiðast lögboðin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.1. og 10.2. í samþykktum sjóðsins.
- **B-deild**, sem er séreignardeild. Í B-deild greiðast viðbótariðgjöld, sbr. gr. 10.3. í samþykktum sjóðsins. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir:

Leið 1, verðbréfaeið, fylgir sömu fjárfestingarstefnu og A-deild, sameignardeild. Sérstök viðmið um lausafjárhlutfall, laust fé og auðseljanleg verðbréf er að lágmarki 25%.

Leið 2, innlánsleið, er ávöxtuð í innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða með áherslu á verðtryggð innlán.

Leið 1, verðbréfaeið: Í október 2010 námu heildareignir kr. 5.836 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 22% af heildareign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára áttu 28%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 33% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 17% af heildareignum.

Séreignariðgjöld til verðbréfaeiðar námu 495 milljónum árið 2009 en iðgjöld ársins 2010 eru áætluð um 500 milljónir.

Tímabundin lagaheimild til útgreiðslu lífeyrissparnaðar jók útflæði úr verðbréfaeið á árinu 2009. Þannig námu lífeyrisgreiðslur 985 milljónum á árinu 2009 en lífeyrisgreiðslur ársins 2010 eru áætlaðar um 460 milljónir.

Eignasamsetning Leiðar 1 endurspeglar eignasamsetningu sameignardeildar.

Leið 2, innlánsleið: Í október 2010 námu heildareignir í innlánsleið kr. 313 milljónum. Þar af áttu sjóðfélagar yngri en 40 ára 2% af eign, sjóðfélagar á aldrinum 40 til 49 ára 13%, sjóðfélagar á aldrinum 50 til 59 ára 32% og sjóðfélagar 60 ára og eldri 53% af heildareignum.

Iðgjöld í innlánsleið eru áætlaðar 32 milljónir á árinu 2010 og lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar 20 milljónir.

Eignir Leiðar 2 er að fullu ávaxtaðar í innlánnum hjá bönkum og sparisjóðum með áherslu á verðtryggð innlán.

Útgreiðslur úr leið 1 og leið 2.

Væntar útgreiðslur á árinu 2011 ráðast einkum af aldri sjóðfélaga en heimilt er að taka eign í séreignardeild út frá 60 ára aldri. Einnig er heimilt að taka eign út við fráfall sjóðfélaga sem og við örorku ef orkutap er umfram 50%. Þá hefur tímabundin lagaheimild til úttektar séreignasparnaðar áhrif til aukinna útgreiðslna.

Sjóðfélögum er heimilt að flytja eign sína til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Möguleg áhætta vegna þessa fyrir leið 1 er fyrir hendi en takmarkast af sterkri lausafjárstöðu og takmörkuðu umfangi leiðarinnar. Leið 2 er alfarið ávöxtuð í innlánnum og er áhætta vegna flutninga takmörkuð.

